

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5ha. Breytingin er gerð til að heimila gistingu, tjaldsvæði og frístundahús. Heimilt er að breyta núverandi byggingum og bæta við nýjum byggingum.

Staðhættir og aðkoma

Borgarhöfn 2-3 Nýibær er lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Á jörðinni er íbúðarhús, fjós, fjárhús og hlöður. Landinu er skipt úr landi Borgarhafnar. Skráð ræktarland er 17,4ha.

Minjar

Unnið er að skráningu fornminja á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Ef áður ókunnar fornminjar finnast við framkvæmdir skal haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Hættumat

Við gerð deiliskipulags skal, þar sem þess er talin þörf, hafa samráð við Veðurstofu Íslands um viðmiðunarreglur og hvort nauðsynlegt sé að vinna staðbundið hættumat á svæðinu.

Veitur

Við gerð deiliskipulags skal sérstaklega horft til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á skipulagsuppdrætti *Suðursveit - Mýrar*. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð

Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.


VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 45	Borgarhöfn 2-3 Neðribær. Úr landi Borgarhafnar. Ferðaþjónusta, tjaldsvæði, gisting og greiðasala. Allt að 150 gestir. Allt að 4 frístundahús, hvert um sig allt að 150 m ² . Heildar byggingamagn nýrra bygginga allt að 1.200 m ² . Hringtákn ~ 5ha.

Umhverfisskýrsla


VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR – ÓBREYTT ÁSTAND	VALINN KOSTUR – VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
Jarðmyndanir og náttúruminjasvæði	Óveruleg áhrif – engar frekari framkvæmdir	Óveruleg áhrif – Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og þar er ekki sérstök vernd náttúrufríbæra.
Gróður og dýralíf	Óveruleg áhrif – Svæðið verður áfram notað til ræktunar.	Óveruleg áhrif – Svæðið er allt ræktað, framræst land og breytingin er afturkræf að hluta.
Fornleifar	Neikvæð áhrif – Skógrækt ógnar fornleifum.	Óveruleg áhrif – Við gerð deiliskipulags skal taka fullt tillit til fornleifa.
Ásýnd og landslag	Óviss áhrif – svæðið mun taka breytingum vegna skógræktar.	Óveruleg áhrif – Nýjar byggingar taka mið af umhverfi og mun skógrækt minnka ásýndaráhrif þeirra.
Samfélag	Óveruleg áhrif – störf á svæðinu verða áfram að mestu tengd landbúnaði.	Jákvæð áhrif – Með framkvæmdinni er aukið ferðaþjónustu sem styrkir byggð, eykur tekjur og skapar fjölbreytt störf beint og afleidd.
Heilsa og öryggi	Óveruleg áhrif – umsvif umferðar verður að mestu óbreytt.	Óveruleg áhrif – Aukin umferð verður um afleggjarann að Borgarhöfn en þar er góð vegsýn. Engin aukin umferð verður framhá íbúðarhúsum.

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Óviss áhrif

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skipulagslaga nr.123/2010 þann _____



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsuppdrætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólfreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Ⓡ Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Ⓟ Minjavernd [mv]
- Verslun og þjónusta [VP]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Óbyggð svæði [OB]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Önnur náttúruvernd [ON] númer visar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd:

þann _____ 2021

Bæjarstjórn: _____ 2021

Tillagan var auglýst frá _____ 2021

með athugasemdafresti til _____ 2021

(undirskrift)



Aðalskipulag Borgarhöfn 2-3 Neðribær í Suðursveit

Skipulagssteining dgr 2020-020	Malkvarð: 1:50.000	Bláskrá: A3	Teknað: AB
Umið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörður	Dag: 16.12.2020	Byrt: ÁJ	V01